

Miðvikudaginn 26. apríl 1961.

Nr. 69/1960. **Sveinbjörn Jónsson f. h. eigenda og váttryggjenda b/v Mechthild**
 (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
 gegn
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni h/f
 (Baldvin Jónsson hrl.)
 og
Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga
 (Gunnar Þorsteinsson hrl.)
 og
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f
 og
Samtrygging íslenzkra botnvörpunga
 gegn
Sveinbirni Jónssyni f. h. eigenda og váttryggjenda b/v Mechthild.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir **Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson** og prófessor **Ólafur Jóhannesson.**

Sjóslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. marz 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl s. á. og gert þessar dómkröfur:

I aðalsök í héraði: Aðallega að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjenda, en til vara, að þær verði lækkaðar að mati dómsins.

I gagnsök í héraði: Aðallega að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum DM 178.448.75, en til vara lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1956 til greiðsludags.

Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Loks krefst aðaláfrýjandi sér til handa sjóveðréttar í b/v Aski, RE 33, til tryggingar fjárhæðum, er honum verða dæmdar.

Gagnáfrýjandi Sildar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. apríl 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. s. m. Hann gerir þessar dómkröfur:

I aðalsök í héraði: Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 98.278.24 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1956 til greiðsludags.

I gagnsök í héraði: Að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda.

Þá krefst hann og málskostnaðar af aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Loks krefst hann sjóveðréttar í b/v Mechthild til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi Samtrygging íslenzkra botnvörpunga hefur fengið áfrýjunarleyfi 6. apríl 1960 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 11. s. m.

I aðalsök í héraði gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum aðallega kr. 348.787.53, en til vara lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1956 til greiðsludags.

I gagnsök í héraði krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda.

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Loks krefst hann sjóveðréttar í b/v Mechthild til tryggingar fjárhæðum, er honum verða dæmdar.

I.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um ábyrgð á tjóni því, sem hlaut af árekstri b/v Asks og b/v Mechthild hinn 15. september 1956.

II.

Eigi er í ljós leidd skylda aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga kostnað samkvæmt 11. kröfulið hans, kr. 4.000.00. Með þessari at-

hugasemd ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um aðalsök í héraði.

III.

Fyrir Hæstarétti hefur verið samþykktur 5. kröfuliður aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði, DM 747.25, enda er hér um að tefla bætur til skipverja vegna muna, er notaðir voru og ónýttust við stöðvun á leka skipsins, en eigi greiðslu kaups, eins og í héraðsdómi greinir. Þá hefur og verið samþykktur hér fyrir dómi 10. kröfuliður aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði, DM 5.753.63. Á gagnáfrýjandi Sildar- og fiskimjölswerksmiðjan h/f að greiða aðaláfrýjanda $\frac{1}{5}$ hluta þessara fjárhæða, DM 1300.18. Fallast má á niðurstöðu héraðsdóms, að því er varðar aðra kröfuliði aðaláfrýjanda. Verður nefndum gagnáfrýjanda því dæmt að greiða aðaláfrýjanda samtals DM 28.903.95 með vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, og á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í b/v Aski, RE 33, til tryggingar þeim fjárhæðum. Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um gagnsök í héraði.

IV.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Sildar- og fiskimjölswerksmiðjan h/f greiði aðaláfrýjanda, Sveinbirni Jónssyni f. h. eigenda og váttryggjenda b/v Mechthild, DM 28.903.95 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags, og á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í b/v Aski, RE 33, til tryggingar þeim fjárhæðum.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 14. nóvember 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. f. m., hafa eigandi og váttryggjandi b/v Asks, Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f og Samtrygging íslenzkra botnvörpunga, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi með stefnu, útgefinni 7. febrúar 1957, á hendur Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni f. h. eigenda og váttryggjenda b/v Mechthild frá Bremerhaven. Hefur eigandi b/v Asks gert kröfu til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 98.404.98, en krafa váttryggjandans nemur kr. 348.907.53. Þá krefjast stefnendur 6% ársvaxta af framangreindum fjárhæðum, aðallega frá 15. september 1956, til vara frá 12. október 1956, en til þrautavara frá 9. febrúar 1957. Loks er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda svo og, að dæmdur verði sjóveðréttur í b/v Mechthild til tryggingar öllum framangreindum fjárhæðum.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnenda, en til vara lækkunar að mati dómsins. Þá krefst hann greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Stefndi höfðaði gagnsök á hendur aðalstefnendum með stefnu, útgefinni 27. ágúst 1957. Krefst hann þess, að aðalstefnendur verði dæmdir til að greiða 168.019.75 ríkismörk með 6% ársvöxtum frá 15. september 1956 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins. Einnig krefst hann viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Aski til tryggingar kröfum þessum.

Í gagnsök gera aðalstefnendur aðallega kröfu um sýknu og málskostnað úr hendi gagnstefnanda, en til vara lækkunar á kröfum gagnstefnanda og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Í þinghaldi 4. júní s.l. lækkaði eigandi b/v Asks kröfu í aðalsök um kr. 126.74, og í sama þinghaldi hækkaði gagnstefnandi með samþykki aðalstefnenda kröfu sína í gagnsök í 178.448.75 ríkismörk.

Samkvæmt dagbók, véladagbók og framburði skipstjórnarmanna og skipverja á b/v Aski eru málsatvik þau, að hinn 15. september 1956 að kveldi var skipið að veiðum á Halamiðum. Kl. 1945 var skipið stöðvað í svonefndum kanti vestan við Halann og þar kastað í stefnu ANA á 195 faðma dýpi. Suðvestan gola var og svarta þoka. Kl. 2145 var enn kastað og nú stefnt VaS á 190 faðma dýpi. Á stjórnþalli voru skipstjóri, stýrimaður, er gætti ratsjárinnar, og háseti. Um þetta leyti tilkynnti stýrimaður, að skip sæist 15° um bakborða í einnar mílu fjarlægð og annað um stjórnborða í 1¼ mílu fjarlægð. Auk þessara skipa sá-

ust 20 skip á 5 mílna sviði ratsjárinnar ANA við Ask, en ekki þurfti að huga að ferðum þeirra, þar eð ekkert þeirra var í þeirri stefnu, er kastað var í. Var nú ratsjáin stillt á einnar mílu svið og jafnframt gefið eitt langt og eitt stutt hljóðmerkji með eimflautu Asks. Í ratsjánni var fylgzt með ferðum skipsins, er sézt hafði um bakborða. Tilkyntti stýrimaður, að skipið nálgast og svo virtist sem það skæri stefnu Asks. Var þá gefið þrisvar hljóðmerkji með stuttu millibili, eitt langt og eitt stutt hverju sinni. Jafnframt hafi heyrzt tvö löng hljóðmerkji frá hinu skipinu með nokkru millibili. Er hér var komið, tilkyntti stýrimaður, að fjarlægðin milli skipanna væri $\frac{2}{10}$ úr mílu, og í sömu andrá sáust ljós skipsins á bakborða. Var Aski þá sveigt á stjórnborða og sett jafnframt á fulla ferð aftur á bak. Árekstur varð hins vegar ekki umflúinn, og lenti framstefni Asks aftan við hvalbak hins skipsins stjórnborðsmegin, en skip þetta reyndist vera þýzkur togari, Mechthild frá Bremerhaven. Eftir áreksturinn, sem var harður, fjarlægðust skipin fljótlega hvort annað, og var þá varpa Asks þegar í stað dregin inn. Hafði skipið verið með stjórnborðsvörpuna úti í umrætt sinn og því eigi verið unnt að sveigja Aski til bakborða, þar eð þá hefði verið hætt á því, að togvírarnir lentu í skrúfu skipsins, og af sömu ástæðu hafi eigi verið settir hemlar á vírana. Kastað hafi verið með venjulegri köstunaraðferð, en ekki er upplýst, hve hraði skipsins var mikill.

Samkvæmt framburðum skipstjórnarmanna og skipverja á b/v Mechthild eru tildrög máls þessa þau, að skipið var að veiðum að kvöldi hins 15. september 1956 á 66.40 N 24.52 V. Vindur var SV, 2—4 stig, þoka dimm og skyggni 50—100 metrar. Á stjórnþalli voru þrír menn, skipstjóri, háseti og stýrimaður, er fylgdist með ratsjánni. Um kl. 2245 var vörpunni kastað á stjórnborða og siglt í 10—30 gráða stefnu með um 8 sjómílna hraða. Þokumerki voru gefin stöðugt. Er hér var komið, sá stýrimaður skip í ratsjánni í 30—40 gráða stefnu og í um 0.7 mílna fjarlægð. Skip þetta, er reyndist vera Askur, virtist hafa sömu stefnu og Mechthild og ætla að halda sig á sama dýpi. Þar eð Askur nálgast óðum, var stefna Mechthild sett 10 gráður til að sleppa við Ask. Skipstjórinn á Mechthild kveðst síðan hafa séð mjög dauf hvít ljós 40—60 gráður til stjórnborða, og er hann stuttu síðar gat greint skipsskrokkinn og óttaðist árekstur, gaf hann fyrirskipun um að leggja á stýrið hart í bakborða í því skyni að varna áreksti eða a.m.k. að draga úr honum. Kveðst skipstjórinn fyrst hafa séð Ask, er 50—70 metrar voru

á milli skipanna, og eigi hafi liðið meira en mínúta, frá þeim tíma og þar til áreksturinn varð. Því er haldið fram, að eigi hafi verið unnt að sveigja Mechthild til stjórnborða, sakir þess hve stutt var á milli skipanna, en hins vegar var ekkert dregið úr ferð Mechthild, áður en áreksturinn varð, þar eð ætlunin hafi verið að sleppa undan Askj með því að sveigja skipinu til bakborða. Engin hljóðmerkj segjast skipverjar á Mechthild hafa heyrt frá Askj.

Eigi varð slys á mönnum við árekstur skipanna, en bæði skipin urðu fyrir nokkrum skemmdum. Verður síðar nánar vikið að þeim þætti málsins svo og öðru tjóni, sem bóta er krafizt fyrir.

Um sökina.

Aðalstefnendur byggja kröfur sínar í aðalsök svo og kröfur um sýknu í gagnsök á því, að skipstjórnarmenn á Mechthild eigi alla sök á árekstri þeim, er varð hinn 15. september 1956. Á hinn bóginn reisir aðalstefndj sýknukröfu sína í aðalsök svo og kröfugerð í gagnsök á þeirri skoðun, að skipstjórnarmenn á Askj sé eina um áreksturinn að saka. Varakröfur sínar byggja aðiljar á því, að svo kunni að verða talið, að skipstjórnarmenn beggja skipanna hafi átt sök á árekstrinum.

Eins og áður greinir, hafa skipstjórnarmenn á b/v Mechthild borið, að er þeir greindu b/v Ask í ratsjónni, hafi þeim virzt skipin hafa sömu stefnu. Síðar hafi komið í ljós, er milli skipanna sást, að Mechthild hafði Ask til stjórnborða. Skipstjórnarmenn á Askj telja sig hins vegar hafa haft Mechthild til bakborða allan þann tíma, er til skipsins sást í ratstjónni. Virðist því athugun skipstjórnarmanna á Mechthild í ratsjá skipsins hafa verið ábótavant, en samkvæmt 19. gr. tilskipunar nr. 47/1953 verður að telja augljóst, að Mechthild bar að víkja fyrir Askj og sveigja til stjórnborða aftur fyrir Ask, sbr. 22. gr. sömu tilskipunar. Þá bar Mechthild og, sbr. 23. gr. tilskipunarinnar, að minnka ferðina, nema staðar eða fara aftur á bak, ef nauðsyn krefði. Öll þessi brýnu fyrirmæli almennra siglingarreglna vanræktu skipstjórnarmenn Mechthild, og var ekkert gert af þeirra hálfu til að forða ásiglingu. Skipið hélt ferð sinni, sveigði á síðustu stundu hart til bakborða í veg fyrir stefnu Asks, og vélarnar voru eigi stöðvaðar, fyrr en eftir að áreksturinn varð. Verður því meginorsök árekstrarins rakin til vanrækslu skipstjórnarmanna á b/v Mechthild.

Telja verður skipstjórnarmönnum b/v Asks vítalaust að halda

stefnu og ferð skipsins óbreyttri, meðan allt var með felldu, þar sem skipið hafði Mechthild til bakborða, sbr. 21. gr. tilskipunar nr. 47/1953. Þegar hins vegar var sýnt, að árekstur skipanna var yfirvofandi, þar þeim að gera allt, er í þeirra valdi stóð, til að varna því, að árekstur yrði. Þá þar báðum skipunum að setja á fulla ferð aftur á bak, hemla vírana, tengja trollvinduna við og hífa í vírana af fullum krafti. Ef þetta hefði verið gert með snöggum og öruggum handtökum, er líklegt, að árekstri hefði verið forðað eða a.m.k. dregið mjög úr honum. Skipstjórnarmenn b/v Asks settu að vísu á fulla ferð aftur á bak og sveigðu á stjórnborða, en ekki hemluðu þeir vírana né höluðu þá inn, sem þó hefði mátt ætla, að hefði haft nokkur áhrif á framdrátt skipsins. Verður því einnig að telja, að skipstjórnarmenn b/v Asks hafi átt nokkra sök á árekstrinum. Samkvæmt þessu þykja því stjórnendur beggja skipanna eiga sök á umræddum árekstri, og ber þá samkvæmt 224. gr. siglingalaganna að skipta tjóninu að rétttri tiltölu við sök hvors þeirra. Eftir því hvernig atvikum að árekstrinum var háttað samkvæmt framansögðu þykir rétt að telja sök skipstjórnarmanna á b/v Mechthild að $\frac{1}{4}$ hlutum, en sök skipstjórnarmanna á b/v Aski að $\frac{1}{4}$ hluta. Koma þá kröfur aðilja í aðalsök og gagnsök til atvagnar.

Aðalsök.

A. Eigandi b/v Asks hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. 7% vextir af 5.500.000.00 í 24 daga	kr. 25.666.66
2. 12% fyrning af 5.500.000.00 í 24 daga	— 44.000.00
3. Trygging skips í 24 daga	— 12.992.40
4. Sameiginl. kostnaðarhlutur b/v Asks í 24 daga	— 14.119.18
5. Þóknun til matsmanna	— 1.500.00

Samtals kr. 98.278.24

Þegar eftir áreksturinn varð b/v Askur að fara í slipp, og tók viðgerðin 24 daga. Telur aðalstefnandi, eigandi b/v Asks, að aðalstefnda beri að greiða þann kostnað, er varð af skipinu þann tíma, sem viðgerð stóð yfir. Eru fyrstu tveir kröfuliðirnir miðaðir við kaupverð skipsins á árinu 1955, sá þriðji er greitt tryggingariðgjald og sá fjórði hluti skipsins af fastakostnaði í landi. Fimmti kröfuliðurinn er hins vegar þannig til kominn, að þegar eftir áreksturinn var ákveðið að leggja löghald á b/v Mechthild

til tryggingar greiðslu bóta. Voru í því skyni dómkvaddir tveir menn til að meta skemmdir á b/v Aski. Áður en til löghaldsmáls kom, var því hins vegar lýst yfir af umboðsmanni aðalstefnda, að allar kröfur samkvæmt samkomulagi eða dómj yrðu greiddar, og var því matsbeiðnin afturkölluð. Matsmenn höfðu hins vegar hafið undirbúning matsins, og mátu þeir þóknun sína kr. 1500.00.

Aðalstefndi hefur, eins og áður greinir, krafizt sýknu af kröfum eiganda b/v Asks. Telur aðalstefndi, að engin sérstök rök hafi verið leidd að þessari kröfugerð, önnur en áreksturinn sjálfur.

Kröfur eiganda b/v Asks í máli þessu eru eigi reistar á grundvelli þess tjóns, er hann varð fyrir vegna stöðvunar á veiðiferðum skipsins. Enginn hinna fjögurra fyrst töldu kröfufliða eru þess eðlis, að unnt sé að telja þá afleiðingu af árekstri skipanna, og þar eð eigi hefur verið sýnt fram á, að aðalstefnda beri af öðrum ástæðum að greiða kröfufliði þessa, þykir verða að taka til greina sýknukröfu aðalstefnda, að því er þá varðar. Hins vegar verður að telja, að dómkvaðning matsmanna til að meta skemmdir á b/v Aski hafi eftir atvikum verið eðlileg ráðstöfun og bein afleiðing árekstrarins. Verður því aðalstefnda gert að greiða eiganda b/v Asks $\frac{4}{5}$ hluta af þóknun til matsmanna eða kr. 1200.00 ásamt vöxtum frá greiðsludegi reikningsins, en rétt þykir, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

B. Vátryggjandi b/v Asks sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Reikningur Stálsmiðjunnar vegna viðgerðar	kr. 206.424.00
2. Reikningur Slippfélagsins vegna viðgerðar	— 22.011.87
3. Uppskipun á ís	— 3.580.98
4. Reikningur Togaraafgreiðslunnar vegna viðgerðar	— 526.22
5. Ónýtur ís	— 6.750.00
6. Greitt fyrir eldsneyti	— 9.234.00
7. Reikningur Skipa. og vélaeftirlitsins	— 2.200.00
8. Reikningur Slippfélagsins vegna leigu o. fl.	— 29.882.60
9. Reikningur Reykjavíkurhafnar	— 663.10
10. Reikningur vegna mannahalds	— 53.235.40
11. Kostnaður vegna skoðunar, þýðinga o. fl. ..	— 4.000.00
12. Reikningur Volta h/f vegna viðgerða	— 2.456.26
13. Reikningur Lloyd's Register of shipping ..	— 4.700.00
14. Reikningur F. Reck & Co., Bremen	— 3.123.10
15. Greitt fyrir endurrit af sjóprófum	— 120.00

Samtals kr. 348.907.53

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar.

Um 1, 2, 4 og 12. Skemmdir þær, er b/v Askur hlaut við áreksturinn, munu aðallega hafa verið á framstefni skipsins. Kröfuliðir þessir eru allir vegna beinnar viðgerðar á skemmdum þeim, er skipið varð fyrir, og eru þeir studdir sundurliðuðum reikningum frá viðkomandi aðiljum. Hefur þeim að vísu verið mótmælt sem of háum, en engin rökstudd andmæli eða véfenging hefur verið höfð uppi gegn einstökum reikningum. Verða kröfuliðir þessir því teknir til greina með þeim fjárhæðum, sem til eru greindir.

Um 3 og 5. Kröfuliðir þessir eru annars vegar vegna uppskipunar og hífingar á ís, eftir að skipið kom til hafnar, en hins vegar andvirði þess íss, er ónotaður var við áreksturinn og ónýttist af þeim sökum. Verða kröfuliðir þessir teknir til greina samkvæmt framlögðum reikningum, enda hefur þeim ekki verið mótmælt sérstaklega.

Um 6. Fjárhæðin er vegna eldsneytis þess, er skipið notaði á siglingu frá árekstrarstað til hafnar og síðan aftur á veiðistað. Hefur henni ekki verið mótmælt sérstaklega, og verður því framlagður reikningur tekinn til greina.

Um 7. Kröfuliðurinn er samkvæmt reikningi, er eigandi b/v Asks hefur greitt til Skipa- og vélaeftirlitsins fyrir skoðun og umsjón með viðgerð á framangreindu tjóni. Hefur fjárhæðin ekki verið véfengd, og ber því að taka hana til greina.

Um 8. Krafan er byggð á sundurliðuðum reikningi frá Slippfélaginu í Reykjavík fyrir slippleigu, upp- og framsátur, ljós fyrir skipið o. fl. Þetta er kostnaður vegna viðgerðar skipsins og verður því tekinn til greina.

Um 9. Kröfuliður þessi er kostnaður vegna hafnsögugjalds og leigu á dráttarbat vegna viðgerðar skipsins. Verður á hann fallizt.

Um 10. Undir þessum lið er gerð krafa um greiðslu á kaupum til skipverja, er váttryggjandi b/v Asks samkvæmt samningi hefur goldið útgerð skipsins. Lagður hefur verið fram sundurliðaður reikningur fyrir kröfunni. Er áhöfn skipsins allri reiknað kaup fyrir 15. til 16. september 1956, þ. e. þann tíma, er skipið var á heimsiglingu eftir áreksturinn, en síðan er yfirmönnum, mat-sveini og 4 hásetum reiknað kaup í samtals 26 daga. Reikningurinn er að fjárhæð kr. 61.889.40, en gert er ráð fyrir, að tjón það, er varð á b/v Askji hinn 7. september 1956, greiði kr. 8.662.00, og nemur mismunurinn fjárhæðinni undir þessum lið. Eigi hefur annað verið í ljós leitt en nefndar kaupgreiðslur hafi verið í sam-

ræmi við gildandi kjarasamninga, og þar sem hvorki fjárhæð reikningsins né einstökum liðum hans hefur verið andmælt sérstaklega, verður kröfuliðurinn tekinn til greina.

Um 11. Kröfuliðurinn er vegna kostnaðar, er aðalstefnandi váttryggjandi b/v Asks hefur haft vegna skoðunar, þýðinga og skiptingar á tjóni, sem skipið varð fyrir hinn 7. september 1956 og síðan við umræddan árekstur. Kostnaður þessi, sem einungis fellur á váttryggjanda skipsins, en eigi á eiganda þess, verður ekki talinn þess eðlis, að aðalstefnda sé skylt að bæta hann, enda verður aðalstefnda eigi gert að greiða neinn kostnað, sem einungis er til kominn vegna váttryggingar b/v Asks. Ber því að sýkna aðalstefnda af þessum kröfulið.

Um 13. Greiðslu þessari til Lloyd's Register of Shipping fyrir skoðun og eftirlit hefur ekki verið andmælt sérstaklega, og verður kröfuliðurinn því tekinn til greina.

Um 14. Kröfuliðurinn er þóknun til umboðsmanna Lloyd's í Bremen fyrir að mæta við og gefa skýrslur um sjópróf og yfirheyrslur, er þar fóru fram vegna árekstrarins. Verður að telja, að það hafi eftir atvikum verið eðlileg ráðstöfun, er aðalstefnda beri að bæta.

Um 15. Höfð hefur verið hliðsjón af þessum kröfulið við ákvörðun málskostnaðar í aðalsök.

Úrslit aðalsakar verða því samkvæmt framansögðu þau, að aðalstefnda verður gert að greiða aðalstefnanda eiganda b/v Asks kr. 1200.00 með 6% vöxtum frá 3/10 1956 til greiðsludags, en málskostnaður fellur niður. Þá verður aðalstefnda gert að greiða aðalstefnanda váttryggjanda b/v Asks kr. 275.830.02, þ. e. ¼ hluta af kr. 344.787.53, og kr. 20.000.00 í málskostnað. Þar sem eigi verður almennt séð af skjölum málsins, hvenær hinar einstöku greiðslur hafa verið inntar af hendi, en hins vegar þykir mega gera ráð fyrir, að svo hafi verið fyrir árslok 1956, verða vextir af höfuðstól skuldarinnar dæmdir frá 1. janúar 1957. Þá ber að taka til greina kröfu beggja aðalstefnenda um viðurkenningu á sjóveðrétti í b/v Mechthild til tryggingar greiðslu allra framangreindra fjárhæða.

Gagnsök.

Gagnstefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

- | | | |
|---|----|-----------|
| 1. Viðgerð á Ísafirði | DM | 13.619.39 |
| 2. Viðgerð hjá A. G. „Wesser“, Werk Seebeck | — | 32.637.00 |
| 3. Viðgerð hjá Schiffszimmdrei Carl Hillmer | — | 2.356.40 |

4. Slippkostnaður	—	150.00
5. Greiðsla til skipshafnar	—	747.25
6. Bætur fyrir lekasegl o. fl.	—	1.626.40
7. Tap á veiðarfærum	—	15.286.18
8. Málning 35 kg.	—	90.25
9. Andvirði 45 tónna af ís og vinna við að varpa ísnum útbyrðis	—	1.253.25
10. Skemmdur fiskur vegna leka	—	5.753.63
11. Aflatjón	—	83.929.00
12. Aðstoðarpóknun til b/v Nürnberg	—	21.000.00

Samtals DM 178.448.75

Verður nú vikið að einstökum kröfuliðum.

Um 1., 2., 3., 4., 6., 8. og 9. Því hefur ekki verið mótmælt, að kröfuliðir þessir eigi rætur sínar að rekja til árekstrar skipanna. Þar sem kröfuliðir þessir hafa ekki verið véfengdir tölulega, verða þeir teknir til greina.

Um 5. Við áreksturinn fékk b/v Mechthild rifu á stjórnborðssíðu aftarlega, u.þ.b. 2ja m breiða að ofan, og náði hún 1 m niður fyrir þilfar. Kveðst skipstjóri hafa gefið fyrirskipun um að þetta rifuna að utan og innan og spenna lekaseglið, og er kröfuliður þessi þóknun til skipshafnarinnar fyrir það starf. Því er hins vegar mótmælt af gagnstefndu, að skipverjar hafi átt rétt á sérstakri þóknun fyrir að hindra lekann. Telja verður, að áhöfn skipsins hafi verið skylt að gera allt, er í hennar valdi stóð, til að bjarga skipinu úr þeim háska, sem það var í eftir áreksturinn, án þess að áhöfnin eigi rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf. Þar sem greiðsluskylda aðalstefndu hefur ekki verið rökstudd á annan veg og enginn sundurliðaður reikningur lagður fram, verður kröfuliður þessi ekki tekinn til greina.

Um 7. Kröfulið þessum hefur ekki verið mótmælt tölulega, en hins vegar er því andmælt, að ástæða hafi verið til að höggva veiðarfærin frá skipinu, þar eð hættan á að skipið sykki hafi ekki verið mikil. Skemmdum þeim, er b/v Mechthild hlaut við áreksturinn, var lýst hér á undan. Hafa skipstjórnarmenn á b/v Askí skýrt svo frá, að eftir áreksturinn hafi þeim borizt frétt um, að b/v Mechthild væri að sökkva, og hafi þeir því haft björgunarbatana til reiðu. Sú frétt var síðan borin til baka, og sigldi togarinn til Ísafjarðar í fylgd b/v Nürnberg.

Er áreksturinn varð, var b/v Mechthild að toga með stjórnborðsvörpunni. Voru þegar í stað gerðar ráðstafanir til að þetta

rifu þá, er togarinn hlaut á stjórnborðssíðu, og jafnframt var fiski bæði á þilfari og í lest svo og ís í lest mokað í bakborðshlið skipsins. Verður að telja, að eins og á stóð, hafi verið mikil hætta samfara tilraunum til að hífa inn stjórnborðsvörpuna, enda hefði það valdið auknum þrýstingi á þá síðu togarans, sem leki var um. Var það því sjálfsgöð og nauðsynleg ráðstöfun af hendi skipstjórnarmanna b/v Mechthild að láta einnig höggva á togvírana til að fá slagsíðu á skipið á bakborða. Ber því að taka kröfulið þenna til greina.

Um 10. Krafa þessi er gerð fyrir fisk, er skemmdist við það, að sjór komst í lestir b/v Mechthild við áreksturinn. Hefur kröfuliðnum verið mótmælt tölulega sem röngum og ósönnuðum. Ekki er dregið í efa, að sjór kunnj að hafa komizt í lestir skipsins og valdið skemmdum á fiski. Hins vegar hefur gagnstefnandi enga tilraun gert til að sanna, hversu mikið fiskmagn það var, sem skemmdist, eða leitt í ljós, á hvern hátt fjárhæðin undir þessum kröfulið er reiknuð út. Af skjölum málsins eru þannig engin tók á að gera sér grein fyrir, hversu mikið verðmæti kunnj að hafa farið forgörðum á þenna hátt, og ber því að taka sýknukröfu aðalstefndu, að því er þenna kröfulið varðar, til greina.

Um 11. Eftir áreksturinn varð b/v Mechthild að hætta veiðiferðinni og sigla til Ísafjarðar, þar sem bráðabirgðaviðgerð var framkvæmd á skipinu. Sigldi skipið síðan til Bremerhaven og kom þangað eftir 20 daga útivist. Þar var síðan framkvæmd fullnaðarviðgerð á skemmdum skipsins, og tók hún 18 daga. Undir þessum kröfulið gerir gagnstefnandi í fyrsta lagi kröfu til, að bættur verði mismunur þess aflaverðmætis, er hann telur, að togarinn hefði átt að geta fengið á fyrrgreindum 20 útivistardögum, ef skipið hefði lokið fullri veiðiferð, og söluverðs þess afla, sem veiðzt hafði, er áreksturinn varð. Í öðru lagi gerir hann kröfu til, að bætt verði verðmæti þess afla, er hann telur, að togarinn hefði getað fengið á þeim 18 dögum, sem fullnaðarviðgerð stóð yfir.

Aðalstefnendur hafa mótmælt lið þessum sem röngum, ósönnuðum og órökstuddum, en til vara sem allt of háum.

Kröfum sínum undir þessum lið til stuðnings hefur gagnstefnandi lagt fram skýrslur um útivistardaga og aflaverðmæti fimm þýzkra togara, er stunduðu veiðar við strendur Íslands og seldu afla sinn í Bremerhaven dagana 24/9 til 2/10 1956, og þriggja togara, er seldu afla sinn síðari hluta októbermánaðar. Þá eru

og lagðar fram skýrslur um sölu tveggja togara, er stunduðu veiðar við strendur Noregs. Hefur gagnstefnandi um hvort tíma-
bil fyrir sig reiknað út meðaltals brúttótekjur togaranna á hvern
útivistardag, en frá þeirri fjárhæð dregið söluverðmæti aflans,
er b/v Mechthild hafði veitt fyrir áreksturinn, en jafnframt
áætlaðan sölukostnað svo og rekstrarkostnað, sem sparaðist með-
an togarinn var til viðgerðar í Bremerhaven. Engar upplýsingar
liggja fyrir um verðmæti afla b/v Mechthild í söluferðum fyrir
eða eftir áreksturinn.

Telja verður sannað, að eigandi b/v Mechthild hafi orðið fyrir
tjóni vegna afnotamissis skipsins, meðan viðgerð fór fram eftir
áreksturinn, og vegna þeirra tafa, er skipið varð fyrir. Hins
vegar verður eigi með vissu vitað, hve hárrí fjárhæð hið raun-
verulega tjón nam, en eftir atvikum og með hliðsjón af verð-
mæti þess afla, er b/v Mechthild hafði veitt fyrir áreksturinn,
þykir rétt að taka kröfulið þennan til greina með DM 50.000.00.

Um 12. Áður var lýst skemmdum þeim, er b/v Mechthild
varð fyrir, hættu þeirri, er skipið var talið vera í eftir árekst-
urinn, svo og ráðstöfunum þeim, er gerðar voru til að hindra
leka. Skömmu síðar kom b/v Nürnberg á vettvang, og höfðu
skipin síðan samfylgd til Ísafjarðar, en þangað var komið að
morgni hins 16. september. Fyrir aðstoð þessa, bæði vegna afla-
tjóns svo og annars kostnaðar, hefur gagnstefnandi greitt fjár-
hæð þá, sem hér er gerð krafa um. Af hálfu aðalstefnanda var
kröfulið þessum mótmælt sem röngum, þar til lögð hefði verið
fram kvittun um greiðslu. Þar sem greiðslukvittun þessi liggur
nú fyrir, og jafnframt þar sem telja verður það eðlilega ráðstöf-
un, eins og þá var háttað, að leita samfylgdar annars skips til
hafnar, verður kröfuliður þessi tekinn til greina.

Úrslit máls í gagnsök samkvæmt framansögðu verða því þau,
að kröfur gagnstefnanda verða teknar til greina með DM 27-
603.77, þ. e. 1/5 hluta af DM 138.018.87. Vextir verða dæmdir
frá 1. janúar 1957.

Verður því gagnstefnda eiganda b/v Asks gert að greiða
gagnstefnanda framangreinda fjárhæð ásamt 6% vöxtum frá 1.
janúar 1957 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað. Þá
ber og að taka til greina kröfu gagnstefnanda um viðurkenn-
ingu á sjóveðrétti í b/v Aski til tryggingar greiðslu nefndra fjár-
hæða. Hins vegar verður krafa gagnstefnda vátryggjanda b/v
Asks um sýknu sakir aðildarskorts tekin til greina, enda hefur
ekki verið sýnt fram á, að gagnstefnandi hafi við áreksturinn

öðlazi beinan rétt á hendur váttryggjanda b/v Asks. Rétt þykir hins vegar, að málskostnaður gagnvart honum falli niður í þessum þætti málsins.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Ragnari Ólafssyni hæstaréttarlögmanni.

Sakir þess hversu mál þetta er umfangsmikið svo og vegna mikilla anna við embætti borgardómara, hefur uppsaga dómsins tafizt nokkuð.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. eigenda og váttryggjanda b/v Mechthild, greiði aðalstefnanda eiganda b/v Asks, Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni h/f, kr. 1200.00 með 6% ársvöxtum frá 3. október 1956 til greiðsludags, en málskostnaður fellur niður.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda váttryggjanda b/v Asks, Samtryggingu íslenskra botnvörpunga, kr. 275.830.02 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur aðalstefnanda í b/v Mechthild frá Bremerhaven til tryggingar greiðslu allra framangreindra fjárhæða.

Gagnstefndi eigandi b/v Asks, Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan h/f, greiði gagnstefnanda, Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni f. h. eigenda og váttryggjanda b/v Mechthild, DM 27.603.77 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað. Viðurkenndur er sjóveðréttur gagnstefnanda í b/v Aski, RE 33, til tryggingar greiðslu fjárhæða þessara.

Gagnstefndi váttryggjandi b/v Asks, Samtrygging íslenskra botnvörpunga, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda í máli þessu, en málskostnaður gagnvart honum fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.